

1. bekkur samfélagsgreinar

Kennarar: Erla Hrönn Júlíusdóttir; Sigurlaug Hauksdóttir

Lýsing

Samfélagsgreinar samanstanda af sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði og trúarbragðafræði. Í lotunni er lögð áhersla á að efla skilning nemenda á umhverfi, menningu, auðlindum og sögu. Hæfniviðmið samfélagsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjú flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 1.-4. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

Markmið

Þjálfast í að koma fram af sanngirni og heiðarleika, átti sig á að í heiminum eru mörg ólík trúarbrögð, fræðist um hefðir í kringum jól, kynnast þjóðsögum og gömlum sögnum.

Námsefni

Undrið, Uppeldi til ábyrgðar, efni af veraldarvefnum og fjölbreytilegir textar úr ýmsum bókum og blöðum.

Kennsluaðferðir

Kennarar munu nota fjölbreyttar kennsluaðferðir: Fyrirlestur, sýnikennsla, vettvangsferð, kennslubókarkennsla, námsleikir, samræðuaðferð, leikir, spurnaraðferð, þrautalausnir, leitaraðferðir, og hópavinnubrögð.

Námsmat

Símat þar sem horft er á hegðun, virkni, samvinnu og vinnubrögð. Námsmat er sett fram í almennum þáttum.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.

Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Sýnt tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.